

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 126/342

komudagur 23.11.2000

Nefndasvið Alþingis  
b.t Sigrúnar B. Einarsdóttur, nefndarritara  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 REYKJAVÍK

23. nóvember 2000

Tilvísun: 2000100066

## Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 121/1994 um neytendalán, 90. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 25. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um neytendalán, 90. mál.


Fjármálaeftirlitið styður þá breytingu sem lögð er til í b. lið 1. gr. frumvarpsins um fella burt ákvæði um að lögin taki ekki til lánessamninga að hærrí fjárhæð en kr. 1.500.000,- og er sammála rökstuðningi í greinargerð. Hins vegar vill Fjármálaeftirlitið benda á að með 2. gr. frumvarpsins er verið að draga úr lögbundinni skyldu til upplýsingagjafar sem fram kemur í 13. gr. laganna. Felld er niður skylda til að upplýsa um vexti og lántökukostnað en telja verður að lagaskylda þessi verði að vera til staðar þannig að samræmi náist við 1. mgr. 14. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið vill ennfremur benda á að ef umræddar breytingar ná fram að ganga þarf að fella niður tilvísun í g-lið 1. mgr. 2. gr. sem fram kemur í 3. gr. laganna.


Að öðru leyti gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Guðnar Pálsson



Hannes J. Hafstein